

Mánudaginn 14. nóvember 1994.

Nr. 437/1994.

Ásthildur Sveinsdóttir

(Einar Gautur Steingrímsson hdl.)

gegn

Jónínu H. Jónsdóttur og

til réttargæslu

Halldóri Einarssyni

(Sigurður Georgsson hrl.)

Kærumál. Frávísunarúrskurði hrundið. Samaðild.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 27. október 1994, sem barst réttinum 2. nóvember sl. Um kæruheimild er vísað til j-liðar 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og lagt verði fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar. Til vara er þess krafist, að „úrskurður héraðsdómara verði ómerktur og honum gert að taka til athugunar á ný hvort vísa beri málinu frá án kröfu“. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar.

Varnaraðili í málinu, Jónína H. Jónsdóttir, krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Réttargæslustefndi, Halldór Einarsson, hefur ekki látið málið til sín taka fyrir Hæstarétti.

Ekki verður á það fallist, að varnaraðili eigi óskipta skyldu með réttargæslustefnda um þá hagsmuni, sem kröfur sóknaraðila lúta að. Var sóknaraðila því heimilt að beina kröfum sínum að varnaraðila einum, án þess að réttargæslustefnda yrði jafnframt stefnt til beinnar aðildar til að þola dóm um þær kröfur með varnaraðila samkvæmt 1. mgr. 18. gr. laga nr. 91/1991.

Í héraði krafðist varnaraðili þess, að málinu yrði vísað frá dómi vegna vanreifunar. Fallast má á það með varnaraðila, að nokkuð skorti á, að sóknaraðili hafi gert svo skýra grein fyrir málsástæðum sínum sem skyldi. Á þessu stigi er þó ekki enn útséð um, hvort

sóknaraðila tekst að bæta úr þessu við efnismeðferð málsins. Verður málinu því ekki vísað frá dómi af þessum sökum.

Samkvæmt þessu ber að fella hinn kærða úrskurð úr gildi og leggja fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur og lagt fyrir héraðsdómara að taka mál þetta til efnismeðferðar.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 21. október 1994.

Mál þetta er höfðað með stefnu, birtri 18. apríl 1994, til þingfestingar hér fyrir dómi 28. apríl s. á. Það var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflytningi um fram komna frávísunarkröfu stefndu Jónínu.

Stefnandi málsins er Ásthildur Sveinsdóttir, kt. 051242-3009, Flúðaseli 65, Reykjavík. Stefnda er Jónína H. Jónsdóttir, kt. 020843-4469, Sólvallagötu 9, Reykjavík, en réttargæslustefndi Halldór Einarsson, kt. 231249-2709, Langagerði 2, Reykjavík.

Ekki hefur verið mætt í málinu af hálfu réttargæslustefnda.

— — —

Forsendur og niðurstaða.

Kröfugerð stefnanda er tvíþætt, eins og að framan greinir. Annars vegar er um að ræða skaðabótakröfu (í mismunandi útfærslu) á hendur stefndu, Jónínu, sem byggist á því, að stefnandi hafi verið sviptur eignarumráðum yfir tilgreindum hluta kjallara húseignarinnar Sólvallagötu 9 í Reykjavík með því, að réttargæslustefndi, Halldór Einarsson, seldi eignarhlutann stefndu, Jónínu, en hins vegar krefst stefnandi viðurkenningar á eignarrétti að þessum eignarhluta, fái skaðabótakrafa sín ekki framgang.

Við mat á kröfum stefnanda þarf í báðum tilvikum að kanna eignarheimildir réttargæslustefnda, Halldórs Einarssonar, að umdeildu húsrými. Niðurstaða málsins grundvallast á eignarheimild hans til þess hluta í kjallara húseignarinnar Sólvallagötu 9, Reykjavík, sem hér er til umfjöllunar. Réttargæslustefndi hefur því að mati dómsins aðilastöðu í málinu.

Það er því álit dómsins, að óhjákvæmilegt hafi verið að stefna Halldóri Einarssyni til að þola kröfur í málinu í stað þess að stefna honum eingöngu til réttargæslu. Því ber með vísan til 1. og 2. tl. 18. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála að vísa málinu sjálfkrafa frá dómi.

Rétt þykir með vísan til 2. tl. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, að stefnandi greiði stefndu, Jónínu, málskostnað, sem ákveðst 24.900 kr., og er virðisaukaskattur innifalinn í þeirri fjárhæð.

Skúli J. Pálmason héraðsdómari kvað upp þennan úrskurð.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli þessu er sjálfkrafa vísað frá dómi.

Stefnandi, Ásthildur Sveinsdóttir, greiði stefndu, Jónínu H. Jónsdóttur, 24.900,00 kr. í málskostnað, þ. m. t. virðisaukaskattur.
